



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Drafnarsteinn

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinagerð leikskólastjóra.....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	4
3 Innra mat deilda	8
3.1 Brekka.....	8
3.2 Trölladyngja.....	10
3.3 Álfheimar	12
3.4 Hulduhólar.....	15
3.5 Innra mat Drafnarborgar, Hóll og Hlíð.....	17
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	19
5 Foreldrasamvinna.....	20
6 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	20
7 Fylgigögn.....	21
7.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	21
7.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	24
7.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	28



Leiðarljós leikskólans:

1 Greinagerð leikskólastjóra

Það var sannarlega skrítið að taka á móti nýjum hóp barna í haust í miðjum heimsfaraldri. Í stað mikilla þátttöku foreldra í aðlögun með okkur þurftum við að bregða á það ráð að breyta aðlögun. Foreldrar komu lítið sem ekkert inn í skólann og voru þá frekar í aðlögun í útiveru. Covid-19 litaði allt starfsárið með síendurtekinni endurskipulagningu á skólastarfi í takt við samkomutakmarkanir og reglugerðum stjórnvalda. Foreldrar voru nánast allan tíma utan veggja skólans. En við vorum heppin þar sem engin smit bárust í hús, aldrei var lokað vegna sóttkvíar og það var góður samstarfsvilji í starfsmannahópnum sem og í hópi foreldra.

Áherslu atriðin okkar í menntastefnunni, læsi og sköpun gengu vel. Við bættum við vinnu með tilfinningar í „Ótrúleg eru ævintýrin“ eftir að hafa haft höfundinn Sigríði Þórisdóttur með okkur á skipulagsdegi, en hún hefur verið að bæta þeim þætti í námsefnið. Sú vinna gekk mjög vel og enduðum við góða vinnu í vetur með þátttöku í Barnamenningarhátíð í samvinnu við Borgarbókasafnið. Búkolla og tilfinningar.

Við ætluðum okkur að bæta tónlistinni inn í sköpunarþáttinn með skipulögðum hætti, en það fór ekki alveg eins og við ætluðum sökum fjöldatakmarkanna vegna Covid. Námskeið sem við ætluðum okkur að hafa geymum við fram á nýtt skólaár.

Erasmus+ verkefnið Hob's Adventure í samvinnu við Landvernd, sem fjallar um námsgagnagerð fyrir elstu börn leikskóla og þau yngstu í grunnskóla um líffjölbreytileika tók enda nú í vor með útgáfu á skýrslu um verkefnið. Þetta er dýrmæt vinna í Grænfánavinnunni okkar, en áfram flokkum við, höfum moltu og grænmetisgarð.

Við tókum þátt í að vinna og innleiða „Velkomin í leikskólann“ verkefnið. Tveir leikskólar í miðborginni og tveir í Breiðholti tóku þátt ásamt þjónustumiðstöðvunum VMH og Breiðholts. Það var mjög gefandi og erum við stolt af þeirri vinnu þar sem hún á eftir að koma mörgum til góða. Verkefnið snýst um að skipuleggja hvernig við tökum á móti fjölskyldum erlendis frá. Þar sem nokkur og góð reynsla hefur orðið í Drafnarsteini í móttöku t.a.m flóttafólk vorum við vel í stakk búin að taka þátt í þessari vinnu.

Áherslur næsta skólaárs

Í vetur höfum við umræðu um sjálfshjálp og félagsfærni sem var til þess að við ákváðum að það væri það sem við myndum leggja áherslu á næsta skólaár. Við höfum í raun það starf á



starfsmannahópunum með að fá Bjart Guðmundsson til okkar í mars. „Óstöðvandi í topp tilfinningalegu ástandi.“ Við máttum svo að það væri það sem hópurinn þarfnaðist á þeim tímapunkti og góð leið til þess að fara inn í félagsfærni áherslu næsta skólaárs. Við fáum tónlistarkennara til að koma til okkar í haust og hafa námskeiðið sem ekki varð í vetur. Við höfum einnig ákveðið að skoða agastefnur og komast að niðurstöðu með stefnu fyrir skólann og innleiða hana. Við viljum einnig leggja mikla áherslu á að bæta foreldrasamskiptin í skólanum.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Þjóðsöguvinna „Búkolla“	Á deildarfundum og deildarstjórafundum	Starfsmenn	Styrkleikar: Gekk vel að vinna með þáttinn tilfinningar sem var viðbót. Veikleiki að virkja allra starmanna í þessari þjóðsöguvinnu
Árstíðabundin skemu	Á skipulagsdögum og deildarfundum	Starfsmenn	Styrkleikar: Rammar inn starfið og allt starfsfólk þekkir áherslur í starfi. Veikleikar: Að skemum sé framfylgt með markvissum hætti og haldið á lofti.
Læsi	Læsisteymi metur á læsisfundum hvernig er unnið	Læsisteymi leikskólans	Styrkleikar: Fagleg umræða um læsi í leikskólanum og hvernig er unnið er með alla þætti leikskólans



	er samkvæmt læsisáætlun		Veikleikar: Að virkja alla starfsmenn í að hlúa markvisst að mál og læsi í leikskólanum
Námsefnið Lubbi finnur málbein	Hvernig er unnið með námsefnið Lubbi finnur málbein á öllum deildum	Starfsmenn sem eru í Lubbateymi leikskólans og er umsjónarmenn Lubbastunda	Styrkleikar: Unnið er með námsefnið Lubbi finnur málbein á öllum deildum. Veikleikar: Þekkingin mislangt komin á meðal starfsfólks á deildum á námsefninu.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Foreldrakönnun	Sfs	81% foreldra	Styrkleikar: Öryggi og ánægja barna Veikleikar: Foreldrasamvinna og upplýsingagjöf
Starfsmannakönnun	Sfs	Starfsmenn	Styrkleikar: Starfsöryggi og starfsánægja Veikleikar: Upplýsingagjöf



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Heft	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Verkefnaskipting	Að hafa skýrari verkefnaskiptingu leik-og aðstoðarskólalastjóra.	Greina verkefnin betur og setja niður	Leikskólalastjóri og aðstoðarleikskólalastjóri	Ágúst 21	Sept 21	Á reglulegum fundum okkar	Meiri skilvirkni og öryggi í skýrari verkefnaskiptingu
Uppeldis- og menntastarf							
Samræmd agastefna leikskólans	Að móta og samræma agastefnu leikskólans	Að fá kynningu og fræðslu um jákvæða agastjórnun frá viðurkennðri stofnun/aðilum	Leikskólalastjóri og aðstoðarleikskólalastjóri	Haust 21	Vor 22	Út frá fræðslu og kynningu er varðar jákvæða agastjórnun mótuð agastefna leikskólans með stjórnendum og starfsfólki leikskólans	Mótuð samræmd agastefna leikskólans sem framfylgt verður í starfi
Mannauður/							



Leikskólabragur							
Rýnihópar	Útbúa rýnihópa á margvíslega þætti leikskólans	Virkja fleiri starfsmenn í faglegum umræðu	Hópstjórar (nýta styrkleika í faghópunum)	Haust 21	Vor 22	Skoðum árangurinn með því að skoða hvort þeir þættir sem teknir verða fyrir verði enn betri	Meiri virkni í starfsmannahópnum. Betri skóli.
Innra mat							
Skólanámskrá og starfsmannahandbók	Yfirfara og uppfæra bæði skólanámskrá og starfsmannahandbók skólans	Allt starfsfólks leikskólans	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Haust 21	Vor 22	Samtöl og rýnihópar meðal starfsmanna er varðar skólanámskrá og starfsmannahandbók	Yfirfarin og uppfærð gögn



3 Innra mat deilda

3.1 Brekka

Umbótaáætlun Brekku frá síðasta ári

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Tvær samverur	Vegna fjölda tví- og fjöltyngdra barna á deildinni þá verður barnahópnum skipt upp í tvo hópa í samverustundum þegar því er komið við.	Sérkennari og annar kennari sjá um samverustundirnar	Sérkennari	Haust 2020	Vor 2021	Við endurmetum stöðuna í byrjun október og leggjum til breytingar ef þörf er á	Að tví-og fjöltyngd börn fái að hlusta á bækur við þeirra hæfi svo þau geti tekið virkari þátt í samverustundum.
Kjarasamningsbundnir Undirbúningstímar starfsfólks	Starfið skipulagt á þann hátt að nægjanlegt svigrúm gefist til undirbúnings starfsmanna	undirbúningstímar skráðir niður og starf deildarinnar geri ráð fyrir undirbúningi starfsmanna	Deildarstjóri	Sept. 2020	Okt. 2020	Við endurmetum stöðuna í byrjun október og leggjum til breytingar ef þörf er á	Að allt starfsfólk fái sinn undirbúning

Mat á umbótaáætlun frá síðasta ári

Að hafa tvær samverustundir til að mæta þörfum sem flestra í fjölmennningarlegum hópi:

Þetta hefur gengið vel og með því að hafa fyrirkomulagið þannig að börnunum sé skipt í tvo hópa í samverustundum er betur hægt að komast á móts við þarfir fjölmennningarlegs hóps.

Tækifæri til umbóta: Ákveðið að halda áfram að vera með slíkt fyrirkomulag er varðar samverustundir. Umbótaþætti lokið



Að allir starfsmenn myndu komast í sína kjarasamningsbundnu undirbúningstíma:

Það hefur gengið mjög vel og hefur það haft þau áhrif að efla fagþekkingu starfsfólks.

Tækifæri til umbóta: Umbótaþætti lokið

Nýr umbótaþáttur snýr að því að bæta menningu og lýðræði í hvíld. Einnig verður gert ráð fyrir í næstu umbótaáætlun að efla áhrif barna á starf deildarinnar og verður gert mat með börnunum er varðar fyrirkomulag Lubbastunda.

Umbótaáætlun Brekku 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lýðræði og skipulag í hvíld							
Bæta menningu, skipulag og lýðræði með hvíld	Hafa hvíldina þannig að allir ná að hvíla sig og börn og starfsmenn eru sáttir	Eiga samtal við börnin, hvernig vilja þau hvílast? Saga, tónlist, bækur, Yoga...?	Deildarstjóri og aðrir deildarstarfs- menn	Haust 2021	Vor 2022	Við endurmetum stöðuna í byrjun október og leggjum til breytingar ef þörf er á	Ef bæði kennurum og börnum líður vel eftir hvíld oftar en ekki þá hefur árangur náðst
Mat barna á Lubbastundum	Að efla áhrif barna á fyrirkomulagi og skipulagi Lubbastunda	Að gera mat með börnunum og eiga við þau samtal um hvað þeim finnst skemmtilegast í lubbastundum og hvernig þau vilja hafa Lubbastundir	Umsjónarmenn Lubbastunda	Haust 21	Vor 22	Samtal við börnin þar sem lagt er upp með ákveðnar spurningar er varðar Lubbastundir og þannig fáum við heyra þeirra hugmyndir um hvernig er hægt að bæta skipulag Lubbastunda	Rödd barnanna fær að heyra og það sem þau leggja til er varðar fyrirkomulag Lubbastund verður hrint í framkvæmd.



3.2 Trölladyngja

Umbótaáætlun Trölladyngju frá síðasta ári

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Umhverfi	Að börnin verði meðvitaðri um árstíðabundnar breytingar í náttúrunni. Efla virðingu fyrir umhverfinu	Útikennsla. Að fylgjast með einu tré í nágrenninu og skrá breytingar.	Allir Starfsmenn	Haut 2020	Vor 2021	Fara reglulega að heimsækja „tréð okkar“ og fylgjast með breytingunni á trénu. Skrá breytingar með ljósmyndum. Teikna myndir og vera með umræðu eftir það með börnunum.	Ljósmyndir verða sýnilegar á vegg inn á deild þannig geta börnin alltaf farið að skoða og velt því fyrir sér og fá tækifæri til að varpa upp spurningum
Heilsa	Að efla reglulegan og góðan handþvott til að sporna betur við sýkingum og flensum. Byrja skóladaginn með handþvotti.	Nýta skipulagið og sú meðvitund barna sem hefur skapast vegna sóttvarnar aðgerða vegna covid-19	Allir Starfsmenn	Haut 2020	Vor 2021	Myndrænar leiðbeiningar um handþvott sýnilegar inn á baði. Aðstoða börnin og leiðbeina. Umræður	Draga úr smiti og veikindi; vekja athygli á heilsu og sjálfsábyrgð er varðar heilsu.

Mat á umbótaáætlun frá síðasta ári

Umhverfi/Að gera börnin meðvituð um árstíðabundnar breytingar í náttúrunni: Efla virðingu fyrir umhverfinu. Þetta gekk vel og börnin hefðu viljað fara oftari. Breytingar voru skráðar með myndum.

Tækifæri til umbóta: Umbótaþætti lokið

Heilsan/að huga að mikilvægi handþvottar til að draga úr sýkingu/flensum. Þessi umbótaþáttur heppnaðist ótrúlega vel og þarf núna ekki að minna börnin á að byrja daginn á handþvotti heldur gera þau það án þess að fá fyrirmæli um það.

Tækifæri til umbóta: Umbótaþætti lokið

Í næstu umbótaáætlun var ákveðið að huga að umbótaþætti er varðar umhverfismennt. Ákveðið er að læra/nota umhverfissvæna sveppa-ræktunaraðferð þar sem notaður er kaffikorkur úr skólanum til þess að leggja áherslu á endurvinnslu. Að auki í næstu umbótaáætlun verður mat barna á ákveðnum þáttum í dagskipulaginu það er: hvíld, hádegismat og útiveru og gera breytingar strax ef það er mögulegt.

Umbótaáætlun Trölladyngju 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Umhverfismennt	Að læra/nota umhverfissvæna sveppa-ræktunaraðferð þar sem notaður er kaffikorkur úr skólanum til þess að leggja áherslu á endurvinnslu.	Kennsla og fræðsla inn á deild um ræktunina. Nota sveppagró frá apríl 2021.	Deildarstjóri	Apríl 2022	Júní 2022	Fræðsla og vinna í litlum hópum og með einstaklingskennslu. Börnin fá reglulega þjálfun og markvisst er unnið að því að efla vitund þeirra um hvernig skal unnið með öll þau skref sem þarf til þess að ræktunin gangi sem skyldi.	Haldið utan um ferlið með skráningum og ljósmyndum. Uppskeran verður síðan notuð í matargerð.
Heilsa	Að efla sjálfstæði og tilfinningu barnanna um	Inn á deild	Allir starfsmenn bera	Sept 2021	Okt 2021	Nýta deildafundi til að skrá hvernig gengur og til að fá	Börnin verða meðvitaðri um eigin



	að þau þurfi að fara á salernið og hvenær er hentugur tími til þess t.d áður en farið er í gönguferð eða útiveru.	Samræður í litlum hópum og með einstaklingum er varðar líkamsvitund. Gæta að því að í dagskipulaginu skapist tími fyrir salernisferðir.	Ábyrgð á að styðja börnin			yfirsýn hvaða börn þurfi meiri aðstoð Nýta aðferðir til að mynda hrós, eða ákveðin hljóð heyrast (bjalla, klapp og annað) til þess að minna börnin á að hlusta á líkamann sinn	líkamsvitund er varðar salernisferðir
Mat barna	Hlusta á börnin og gefa þeim tækifæri á að taka þátt í ákvörðunum um að gera hvíldina, hádegismatin og útiveru betri	Inn á deild	Hópstjórar	Apríl 2022	Mai 2022	Fræðsla og vinna/æfingar í hópastarfi.	Þegar óskir/draumar barnanna verða að veruleika.

3.3 Álfheimar

Umbótaáætlun Álfheima frá síðasta ári:

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun í daglegum samskiptum	Að starfsfólk sé meðvitað í virkum samskiptum við börnin.	Starfsfólk skráir tíðni samskipta við börnin.	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn.	Sept. 2020	Des. 2020	Skráningar sem farið er reglulega yfir á deildarfundum	Að starfsmenn hafi betri yfirsýn yfir málþroska barnanna og séu



							meðvitaðri í samskiptum við þau.
Markvissara hópastarf	Að hópastarf sé markvissara: fjölbreytt og með skýr markmið	Allir deildarstarfsmenn fá tíma til að undirbúa hópastarf og leiðsögn ef þess er þörf. Markmið ákveðin sameignlega á deildarfundum. Skráning haldin yfir allt hópastarf	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn	Sept. 2020	Maí 2020	Undirbúningur og deildarfundir þar sem farið er saman yfir markmið starfsins og vinnan samræmd. Hópastarf skráð og farið yfir á deildarfundum.	Skipulagðara og markvissara hópastarf.

Mat á umbótaáætlun síðasta árs

Málörvun í daglegum samskiptum: Í heildina gekk þetta ágætlega. Starfsfólki var sett fyrir lesefni sem þau gátu kynnt sér í undirbúningstíma sínum sem sneri að málörvun og samræðum við börn í daglegu starfi. Við tókum tímabil þar sem við skráðum samskipti við börnin, til þess að fá yfirsýn yfir þau og til þess að tryggja það að öll börn eigi í samskiptum við kennara á hverjum degi, til jafns við önnur börn. Einnig fengum við fræðslu á deildarfundum og á skipulagsdegi, bæði frá sérkennslustjóra og frá verkefnastjóra fjölmenningar. Þetta átak hafði jákvæð áhrif á samskipti starfsmanna við börnin í stundum eins og við matarborð

Tækifæri til umbóta: Þátttaka starfsmanna þegar það kom að skráningu á samskiptum var misjöfn. Þrátt fyrir að tilfinning deildarstjóra sé sú að samskipti starfsmanna og barna hafi verið eflað þá er erfitt að meta það með afgerandi hætti þegar ekki eru til gögn sem sýna fram á það. Því viljum við efla skráningar á deildinni næsta skólaár.

Að hópastarf sé markvissara: fjölbreytt og með skýr markmið: Hópastarf gekk vel í vetur og hefur verið markvisst. Við höfum fylgt þeim þeim sem eru í gangi í skólanum í heild eins og t.d. verkefni tengd hrekkjavöku, barnasáttmálanum og þjóðsögu. Einnig höfum við tekið fyrir tónlist og var vinna með námsefnið Lubbi finnur málbein stóreflt á deildinni í vetur.

Tækifæri til umbóta: Hér má einnig bæta skráningar. Einnig þarf að efla það að sú teymisvinna sem starfsfólk deildarinnar tilheyrir skili sér í starfið með börnunum. Það á til dæmis við um Lubba teymið og grænfánateymi. Það þarf að tryggja betur að öll deildin í heild fái tækifæri til þess að taka þátt í þessari vinnu.

Umbótaáætlun Álfheima 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Almennar skráningar	Að bæta almennar skráningar á deildinni? T.d. á fundum, í hópastarfi, á matar- og svefntíma, gefa 10 og þess háttar.	Með því að bæta skipulag og form á skráningu. Finna í sameiningu leið sem gerir starfsfólki auðveldara að halda skráningar.	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn	Sept. 2021	Mai 2022	Förum reglulega saman yfir skráningar á deildar-fundum og metum hvernig okkur gengur að notast við þær	Að öðlast betri yfirsýn yfir deildarstarfið í heild og að til séu gögn sem geri mat á starfi auðveldara.
Nýta teymisvinnu starfsmanna á markvissan hátt	Að tryggja betur að deildin í heild fái tækifæri til þess að taka þátt í þeirri vinnu sem er skipulögð í teyllum skólans.	Efla tengiliði í því að miðla sinni þekkingu til starfsmanna deilda til dæmis með því að þeir undirbúi fræðslu fyrir deildarfundi.	Deildarstjóri og tengiliðir	Sept. 2021	Mai 2022	Deildarstjóri og tengiliðir eigi stutta fundi reglulega og einnig metið í lok skólaárs á deildarfundi með öllum starfsmönnum.	Að sú þekking sem verði til í teymisvinnu skólans skili sér í almennt deildarstarf



3.4 Hulduhólar

Umbótaáætlun Hulduhóla síðasta árs

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Markvissari samverustundir með börnunum með áherslu á Lubbi finnur málbeinið.	Efla athygli og þátttöku bæði barna og starfsfólks í samverustundum.	Betri skipulagningu á því efni sem á að nota í samverustundum, efla og veita undirbúning til starfsfólks til þess.	Deildarstjóri og allt starfsfólk deildarinnar.	Ág. 2020	Jan. 2021	Deildarfundir verða notaðir til að tala um hvernig gengur og hvað má bæta, skráning verður með börnum í samverustund með hvatningardagatali.	Skráning með dagatali og deildarfundir og rýni.
Frjálst val eftir hvíld.	Leyfa börnunum að velja.	Virkja starfsfólk í að setja upp val eftir hvíld.	Deildarstjóri og allt starfsfólk Hlíðar.	Vor 2022	Sumar 2022	Fara reglulega yfir með starfsfólki hvernig gengur. Nota deildarfundi til þess.	Skráning; ljósmyndir og samtöl við börnin.

Mat á umbótaáætlun síðasta árs

Markvissari samverustundir með börnunum með áherslu á Lubbi finnur málbeinið.

Það hefur tekist að hluta til vel. Í samverustundum á morgnanna taka allir starfsmenn þátt og hjálpar það við að efla þátttöku barnanna. Hins vegar hefur ekki gengið eins vel að þessu leiti hvað varðar námsefnið Lubbi finnur málbein. Einn starfsmaður tók að sér að stýra Lubbastarfinu og hefur það gengið mjög vel. Sú reynsla og þekking sem hann hefur aflað sér er þó í hættu að tapast þegar sá starfsmaður lýkur störfum. Núna í lok skólaársins hefur annar starfsmaður verið með umsjónarmanni



Lubbastunda og mikilvægt er að huga að því áfram að slík reynsla og þekking sé ekki til staðar einungis hjá einum starfsmanni heldur dreifist þekkingin.

Tækifæri til umbóta: Að huga vel að því það sem af er af skólaárinu og næsta ár að auka þátttöku alls starfsfólks í því starfi er varðar námsefnið Lubbi finnur málbein. Það var því tekið á því í lok skólaársins og hefur annað starfsfólk verið með í Lubbastundum. Það þarf að gæta að því að á næsta ári að þessi staða komi ekki aftur upp.

Frjálst val eftir hvíld

Þessi liður gekk ekki eftir. Það má athuga það næsta skólaár að byrja þetta um vorið. Það gæti verið skemmtilegt að kynna börnunum fyrir skipulagða valinu sem þau munu síðan vera mikið í á eldri deildum.

Tækifæri til umbóta: Endurtekin áætlun.

Umbótaáætlun Hulduhóla 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Verkefnaskipulag	Setja skýrari markmið.	Horfa fram á við yfir skólaárið og skipuleggja betur fyrirfram hvað á að gera og hvenær	Deildarstjóri	Haust 2021	Vor 2022	Skráð er niður verkefni sem áætlað er að gera yfir skólaárið og síðan samburður á því sem hefur verið gert og hvaða verkefni hafa ekki náðst.	Ef verkefnin sem áætlað var að framkvæma eru unnin þá hefur áætlunin gengið eftir. Ef áætlunin innihélt verkefni sem endurspegla stefnur, hugsjón og starf skólans þá var það góð áætlun.
Frjálst val eftir hvíld	Kynna fyrir börnunum	Virkja starfsfólk í að	Allt starfsfólk deildarinnar	Vor 2022	Sumar 2022	Þegar skipulagða valið hefur verið	Þegar skipulagt val er gert að minnsta kosti einu sinni í viku



	skipulagt val	setja upp val eftir hvíld.				framkvæmt nokkur skipti.	þá hefur markmiðið náðst.
Sértæk verkefni	Að reynsla og ábyrgð á námsefninu Lubbi finnur málbein dreifist betur meðal starfsfólks	Gæta að því að þegar ákveðinn starfsmaður tekur að sér sértæk verkefni að hinir starfsmennirnir séu líka meðvitaðir um starfið, hvað felst í því og hvernig það er framkvæmt	Allt starfsfólk deildarinnar	Haust 2021	Vor 2022	Starfsmenn deildarinnar munu starfa sem rýnihópur og rætt verður á deildafundum hvernig gengur og breytingar gerðar ef eitthvað er ábótavant.	Að allir starfsmenn deildarinnar geti gengið í sértæk verkefni þó að ábyrgðarmaður verkefnisins sé ekki til staðar þá hefur markmiðið náðst

3.5 Innra mat Drafnarborgar, Hóll og Hlíð

Umbótaáætlun Drafnarborgar frá síðasta ári

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hlíð							
Frjálst val eftir hvíld.	Leyfa börnunum að velja.	Virkja starfsfólk í að setja upp val eftir hvíld.	Deildarstjóri og allt starfsfólk Hlíðar.	Haust 2020	Haust 2020	Fara reglulega yfir með starfsfólki hvernig gengur. Nota deildarfundir til þess.	Skráning; ljósmyndir og samtöl við börnin.
Hóll							
Lubba	Vikuleg lubbastund	Í samverustundum. Kynna sér starfsemi á yngri deildum annars staðar	Deildarstjóri, lubbastjórnandi	Haust 2020	Vor 2021	Reglulegir matsfundir yfir veturinn og í lokin.	Skráning og lubba-teymi



Umhverfis- mennt	Finna því stað í dagskipulagi	Útiveru, t.d. finna tré og fylgja því eftir	Deildarstjóri og starfsmaður í umhverfisnefnd	Haust 2020	Vor 2021	Janúar og maí 2021	Skráning, mynda- taka
Sjónrænt skipulag/orð	Búa til sjónrænt skipulag fyrir börnin yfir daginn og athafnir	Höfum það sýnilegt fyrir þau.	Deildarstjóri	Haust 2020	Vor 2021	Haust 2020 og jafnharðan yfir árið	Mat starfsfólks

Mat á umbótaáætlun síðasta árs

Bæta Lubbastundum inn í vikulegt skipulag: Það hefur gengið vel. Lubbastundir eru í hverri viku og aukin skráning á virkni barnanna í stundunum bætt við.

Tækifæri til umbóta: Bæta við starfsmanni í vinnu með námsefnið, Lubbi finnur málbein, þannig að ábyrgðin sé ekki aðeins á einum starfsmanni á deildinni.

Virkja umhverfismennt: Umhverfismennt er reglulega yfir veturinn, gönguferðir farnar í hverri viku og þá tekin umræða um umhverfið í leiðinni.

Tækifæri til umbóta: Að umhverfismennt sé sýnilegri fyrir börn og foreldra.

Sjónrænt skipulag/orð: Sjónrænt skipulag er inná báðum deildum, vikudagar, mánuðir og merkingar á umhverfi barnanna.

Tækifæri til umbóta: Efla betur starfsfólk í að nýta sér sjónræna skipulagið í daglegu starfi.

Frjálst val eftir hvíld: Deildirnar voru sameinaðar og ákveðið var að hafa meira flæði en val.

Tækifæri til umbóta út frá síðustu umbótaáætlun: Ákveðið er að vinna að þessum þáttum áfram og hafa markmiðin sýnilegri út á við og eru mikilvægur þáttur af innleiðingu í starfi yngstu barna.

Nýtt markmið hefur verið sett inn, það er tekið beint úr menntastefnu Reykjavíkurborgar, félagsfærni. Markmiðið verður að efla börnin í sjálfshjálp.

Umbótaáætlun Drafnarborgar 2021 - 2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubba	Setja fleiri starfs- menn inn í Lubba	Fylgja eftir þeim sem er nú þegar með lubba- stundir að vinna með Lubba	Deildarstjóri, lubba- stjórnandi	Haust 2021	Janúar 2022	Reglulegir mats fundir yfir veturinn og í lokin.	Samtöl og skráning
Félagsfærni	Efla þau í að gera sjálf, klæða sig, skammta sér mat, o.s.frv.	Gefum okkur tíma í að leyfa þeim að spreyta sig í daglegu starfi	Deildarstjóri og starfsfólk	Jan. 2022	Haust 2022	Tras, Samtöl á deildarfundum	Mat starfsfólks
Nýta sjónrænt skipulag betur	Virkja starfsfólk í að nýta sér sjónrænt skipulag í vinnu með börnum	Kynna það fyrir starfsfólki og börnum	Deildarstjóri	Haust 2021	Vor 2022	Deildarfundum yfir árið	Mat starfsfólks

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Snerpusamtöl fóru fram að vori. Leikskólastjóri sá um deildarstjóra, sérkennslustjóra og nýliða. Deildarstjórar buðu sínu deildarstarfsfólki í samtöl. Við fengum fræðslu frá höfundi Ótrúleg eru ævintýrin, Sigríði J. Þórisdóttur um efnið hennar og vinnu með tilfinningar með börnum í geng um ævintýravinnuna. Bjartur Guðmundsson kom svo í vor með námskeiðið Í topp tilfinningalegu ástandi



fyrir alla starfsmenn, var sú fræðsla á skipulagsdegi og með eftirfylgni með verkefnum í viku á eftir. Önnur fræðsla var í höndum sérfræðinga innan húss á skipulagsdögum. Við ætluðum okkur að skoða námsumhverfi hjá öðrum skólum sem vegnar vel í starfi með námsgagnið Lubbi finnur málbein, en vegna Covid 19 féll það niður.

Þrír starfsmenn fóru á Fagnámskeið 1 og 2 sem haldið er á vegum Mímir Símenntun fyrir ófaglært starfsfólk leikskóla. Auk þess sem fimm starfsmenn eru í kennara námi á Menntavísindasviði HÍ. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Hefðbundið samstarf milli okkar, Vesturbæjarskóla og Skýjaborgar hefur ekki verið vegna Covid 19 en við náðum þó einni heimsókn bæði í skólann og frístundarheimilið, en við náðum ekki að bjóða heim. En fundur milli kennara og sérkennslu Vesturbæjarskóla, sem taka við elstu börnum leikskólans næsta haust og okkar fór fram í vor.

5 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna hefur verið nærri engin vegna Covid-19. Hún hefur þó farið fram í samskiptum í tölvupóstum, notkun á völuappinu og símtölum.

6 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

5. október, 2. nóvember, 23. október, 4. janúar, 5. febrúar hálfur skipulagsdagur, 18. mars hálfur skipulagsdagur, 19. mars og 10. maí voru skipulagsdagar síðasta skólaárs. Þeir voru nýttir í skipulagningu og fræðslu starfsfólks skólans.

Skipulagsdagar næsta skólaárs verða: 15. október, 10. nóvember, 3. janúar, 7. febrúar, 17. mars og 9. maí.



7 Fylgigögn

7.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Við skipulag sérkennslu er hugmyndafræði um menntun án aðgreiningar ávallt höfð að leiðarljósi. Lögð er áhersla á í skipulagningu sérkennslu að barn með sérþarfir fái viðeigandi stuðning til að geta tekið þátt í því starfi sem fram fer í leikskólanum og eigi hlutdeild í barnahópnum. Ávallt byggja fagleg rök á bak við það að barn fari í einstaklingsþjálfun. Megináhersla er á að markmið úr einstaklingsnámskrám sé unnið inn á deild í barnahópnum. Leikurinn er námsleið barna á leikskólaaldri og miðast snemmtæk íhlutun út frá því. Unnið er með styrkleika barna og út frá áhugasviði þeirra. Starfsfólk sérkennslu er með ákveðin eyðublöð til að fylla út eftir hópastarf og einstaklingskennslu þar sem fylgst er með framförum. Einnig er APES matslisti fylltur út reglulega til að fylgjast með framförum og hvernig gengur að vinna með markmið út frá einstaklingsnámskrám.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	Efi-2 málþroskaskimun er tekið á börnum sem hafa aldur til og Tras skráningarlisti er tekið á öllum börnum. Viðeigandi íhlutun og úrræði í samstarfi við foreldra eru gerð þegar þörf krefur. Hljóm-2 er tekið á elsta árgangi leikskólans. Það er gert á haustin. Lagt er upp með íhlutun í samstarfi við foreldra um þau börn sem koma slök út úr þeirri skimun. Öll börn sem hafa rétt á sérkennslu og er með fjármagn eru með einstaklingsnámskrár. Einstaklingsnámskrár eru gerðar út frá APES færnimatslista. Hann er uppfærður og metin með reglulegum hætti. Leitast er einnig við að meta framfarir í málþroska hjá tví-og fjöltyngdum börnum með matstækinu Einn leikskóli-mörg tungumál. Ráðgert er að meta

	framfarir tví-og fjöltyngdra út frá Hæfnirömmum í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla frá Menntamálastofnun
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Ýmis konar námsefni er notað til þess að vinna með út frá markmiðum í einstaklingsnámskrám fyrir börn sem njóta sérkennslu. Margs konar spil til að vinna með málþroska. Námsefni eins og Leikum og lærum með hljóðin og Lubbi finnur málbein til að vinna með hljóðanám, framburð og hljóðkerfisvitund. Ýmis konar málörvunarefni eins og Tölum saman og Ljáðu mér eyra. Bækur eru í hávegum hafðar til að vinna með málþroska.

Mat frá umbótaáætlun síðasta árs

Í síðustu umbótaáætlun var gert ráð fyrir að sérkennslustjóri kæmi meira inn á deildarfundi þar sem rætt er um einstaklingsnámskrár og markmið sem er verið að vinna að. Það þarf að huga að því með enn markvissari hætti og vera í samstarfi við deildarstjóra og skipuleggja með hvaða hætti og hve oft aðkoma sérkennslustjóra er á deildarfundi. Mikilvægt er skoða með hvaða hætti yfirlit markmiða fyrir börn sem eru með einstaklingsnámskrá séu aðgengileg og allir starfsmenn viti hvar þau eru að finna. Út frá síðustu umbótaáætlun var stefnt að halda betur utan um skráningu um hvað sé gert í einstaklingsþjálfun og fylgst með framförum. Það hefur gengið vel og eru starfsmenn sérkennslu meðvitaðir um að skrá niður og fylgjast með framförum eftir einstaklingsþjálfun.

Umbótapáttur út frá síðustu umbótaáætlun var að sérkennslustjóri kæmi inn á skipulagsdag og kynnti starf sitt og markmið sérkennslu í leikskólanum. Sérkennslustjóri kom inn á skipulagsdag á vorönn og fór yfir með starfmannahópnum hvað felst í sérkennslu og hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar. Mikilvægt er að huga að því með reglulegum hætti til þess að nýtt starfsfólk fái kynningu á sérkennslu og hvað hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar felur í sér.

Í næstu umbótaætlun er ráðgert að sérkennslustjóri og deildarstjórar fari yfir barnahópin á haustin og kortleggi hvort þurfi að vinna með ákveðið þroskasvið til að mynda félagsþroska, hreyfiþroska og málþroska hjá ákveðnum börnum og hvernig skal unnið að því með aðkomu starfsfólks sérkennslu. Einnig er ráðgert að sérkennslustjóri kom inn með fræðslu og ráðgjöf á deildarfundi til að mynda hvernig skal unnið með markmið úr einstaklingsnámskrám inni á deild í gegnum daglegt starf.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Að fylgjast með og efla ákveðna þroskaþætti á þeim börnum sem á þurfa að halda	Að hlúa betur að því að örva ákveðna þroskaþætti hjá börnum sem á þurfa að halda og hvernig starfsfólk sérkennslu hefur aðkomu að því	Að sérkennslustjóri ásamt deildarstjórurum fari yfir barna hópinn á haustönn og meti hvaða börn þurfa á ákveðinni örvun að halda	Sérkennslustjóri og Deildarstjórur	Haust 21	Vor 22	Sérkennslustjóri og deildarstjórar ræða saman um haustið og fari yfir barnahópinn og skráð er niður hvernig skal staðið að því að efla þroskaþætti hjá börnum sem á þurfa að halda og hvernig aðkoma starfsfólks sérkennslu verður að því.	Að haldin sé skráning og kortlagning á þeim börnum sem þarf að efla ákveðna þroskaþætti hjá og unnið sé út frá því með aðkomu starfsfólks sérkennslu
Aðkoma sérkennslustjóra á deildarfundi,	Að sérkennslustjóri komi á ákveðna deildarfundir með fræðslu og ráðgjöf.	skráð niður í samráði við deildarstjóra hvenær sérkennslustjóri komi inn á deildarfundi og hvert innleggið sé.	Sérkennslustjóri og Deildarstjórur	Haust 21	Vor 22	Samtöl við deildarstjóra og skráð niður hvenær sérkennslustjóri kemur á fundina og með hvaða innlegg.	sérkennslustjóri kemur reglulega inn á deildarfundi með fræðslu og ráðgjöf



7.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021	
Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið er notað til launagreiðslu til stöðu verkefnastjóra fjölmennningar sem sinnir málörvun tví-og fjöltyngdra barna. Verkefnastjóri hefur yfirsýn og utnumhald um fjölmennningarstarf og málörvunarefni í leikskólanum. Samræmir starf á öllum deildum er varðar fjölmennningarstarf og veitir ráðgjöf til starfsmanna um hvernig skal gera fjölmenningu sýnilega í leikskólanum. Verkefnastjóri fjölmennningar hefur umsjón með málörvun tví-og fjöltyngdra barna þar sem markviss málörvun á sér stað gegnum bækur og spil og í gegnum leik og daglegt starf. Verkefnastjóri leitast við að virkja allt starfsfólk er varðar markvissa málörvun í gegnum allt daglegt starf og að nýta námstækifæri sem gefast í gegnum daglegur venjur í leikskólanum.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)Á hvað hátt. Er t.d. verið að vinna með „Gefðu 10.	Unnið er með daglegan orðaforða með því að setja orð á hluti og athafnir í gegnum daglegt starf. Myndrænt skipulag um dagskipulagið er haft sýnilegt á öllum deildum. Námsefni tengt ákveðnum orðaforðapemum (t.d. föt, líkaminn, matur osfrv.) er safnað saman í kassa sem er aðgengilegt fyrir starfsfólk að nota til að vinna með út frá grunnorðaforða. Lögð hefur verið áhersla á að vinna með „ Gefðu 10“ á öllum deildum. Mikilvægt er að huga betur að skráningu tengt þeirri aðferð og ráðgert að efla þátt skráningar.



Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Með þjóðsöguvinnu og lestri bóka. Söngur og þulur. Leitast er við að útskýra orð og orðasambönd sem eru ekki algeng í tali í gegnum bækur, þulur, söngva, samverustundum og þjóðsöguvinnu.
Er fylgst með framförum barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað	Já TRAS málþroskaskráning er tekin á öllum börnum og ef þörf krefur er íhlutun sett af stað í kjölfar þess. Verkefnastjóri fjölmennningar gerir skráningar eftir málörvunarstundir til þess að fylgjast með framförum tví-og fjöltyngdra barna. Í ákveðnum tilvikum hafa verið gerðar einstaklingsnámskrár þar sem unnið er með ákveðin markmið og fylgst með árangri. Ákveðið hefur verið að nota meira skráningu út frá matsaðferðinni. Einn leikskóli mörg tungumál. Haldið er utan um skráningu á tví-og fjöltyngdum börnum sem fá einstaklings bókalestur. Einnig verður næstkomandi haust stuðst við hæfniramma fyrir fjöltyngd börn frá Menntamálastofnunum til að fylgjast með framförum og grípa inn í með markvissum hætti ef þörf krefur.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun	Málörvun er rauður þráður í gegnum allt daglegt starf og í gegnum bækur og spil. Unnið er með þjóðsögu á hverri vorönn þar sem lögð er áhersla á dýpri orðaforða. Öll börn skólans endursegja söguna með sínu nefi sem er skrifuð orðrétt frá þeim. Ritmál er haft sýnilegt með því að merkja hluti og húsgögn. Nöfn barna er höfð sýnileg á stólum. Stafir og stafróf sýnilegt og alls konar merkingar á verkum barna og á hlutum.



	Málörvun fer fram út frá fjölbreyttum kennsluaðferðum og efnivið og hugað er að styrkleikum og áhugasviði að efla málþroska. Leitast er við að hlusta á rödd barna og að þeirra óskir og langanir séu virtar. Gefið er tími og rými fyrir frjálsan leik og kennarar eru til staðar í leik til þess að efla félagslegt tengsl og málþroska og hlúð er að því að öll börn séu í góðum félagslegum samskiptum við önnur börn og jafnræði og virðing ríki í barnhópnum. Á öllum deildum skólans eru söngstundir a.m.k einu sinni á dag og sameiginlegar einu sinni í viku. Í samverustundum fá börn til dæmis að koma í púlt og segja brandara eða frá einhverju sem þeim liggur á hjarta. Unnið er með hljóðkerfisvitund í hópastarfi t.d. rímog klappa atkvæði. Námsefnið Lubbi finnur málbein sem er hljóðanám hefur verið innleitt á allar deildir skólans og er unnið út frá þroska og aldri barna. Í Drafnarsteini er frjáls leikur hafður í hávegum og gildi leiksins ávallt haft í fyrirrúmi.
--	--



Niðurstöður innra mats

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/a ðferðir?	Viðmið um árangur
Að öll börn sem er með annað móðurmál en íslensku og eru að byrja í leikskólanum hafi myndrænu orðabókina Ljáðu mér orð.	Að styðja við og auka skilning hjá börnum sem eru að ná tökum á íslensku sem öðru máli sem og auðvelda samskipti og efla öryggi við að ná tökum á íslensku mál- umhverfi	Verkefna-stjóri kynnir bókina fyrir deildar- stjóra og veitir ráðgjöf er varðar bókina	Deildar- stjóri og verkefna- stjóri fjöl- menningar	haust 2021	vor 2022	Viðtal við deildarstj óra tvisvar á önn um framkvæ md bókarinna r og notkunar.	Hversu vel tekst að koma bókinni í notkun meðal barna sem mest þurfa á að halda

7.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs - skýrsla 2021-2022

Skýrslan veitir gott yfirlit yfir starf leikskólans, áherslur og markmið. Ítarlegar upplýsingar um hverja deild og umbótaáætlanir gefa góða hugmynd um stöðuna, sem og það sem koma skal.

Skýrslan fer yfir helstu verkefni innan leikskólans og samstarfsverkefni við utanaðkomandi aðila. Ótrúleg eru ævintýrin... og samstarf við höfundinn Sigríði Þórisdóttur hefur gefist vel, sem og vinna með námsefnið Lubbi finnur málbein.

Þátttaka í Barnamenningarhátíð og samstarf við Borgarbókasafnið eru mikilvægir þættir í leikskólastarfinu og koma vonandi til með að halda áfram að gleðja.

Grænáninn og vinnan í kringum hann er spennandi. Það er ánægjulegt að sjá hversu mikla áherslu skólinn leggur á umhverfisvitund.

Verkefnið „Velkomin í leikskólann“ er spennandi viðbót við reynslu skólans af því að taka á móti nemendum erlendis frá.

Nemendahópur leikskólans er fjölbreyttur og móðurmálin mörg. Skipulag skólastarfsins kemur til móts við þennan fjölbreytta hóp. Það er eftirtektarvert hversu einstaklingsmiðaður stuðningur er í skólanum og hversu vel er haldið utan um þá nemendur sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Áherslur næsta árs á sjálfshjálpi og félagsfærni verða spennandi viðbót við áherslur síðustu ára.

Innleiðing agastefnu fyrir skólann er einnig jákvætt skref.

Áhugavert verður að fylgjast með tónlist og annarri listsköpun á komandi starfsári.

Samskipti starfsfólks og foreldra voru, eins og gefur að skilja, mjög takmörkuð á Covid-tímum. Það er þegar farið að birta til og trú okkar að þátttaka foreldra og samvinna verði meiri og betri. Sameiginleg kynning frá skóla og foreldrafélagi væri góð byrjun á næsta skólaári.



F. h. leikskólans

DrafnarSteinn



Leikskólastjóri

Dagsetning

1. júlí 2021

